Nýtt í bíó











Borgarbíó
Sími 462 3500 • Hólabraut 12 • www.borgarbio.is

Köld slóð	kl. 6, 8 og 10	B.i. 12 ára
Tenacious D in the Pick of Destiny	kl. 8 og 10	B.i. 12 ára
Artúr & Mínimóarnir	kl. 2 (450kr) og 4	
Eragon	kl. 1.40 (450kr), 3.50 og 6	B.i. 10 ára

SMÁRA BÍÓ

Köld slóð	kl. 3.30 og 5.45, 8 og 10.15	B.i. 12 ára
Köld slóð LÚXUS	kl. 5.45, 8 og 10.15	
Artúr & Mínimóarnir	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	
Eragon	kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20	B.i. 10 ára
Eragon LÚXUS	kl. 1 og 3.20	
Casino Royale	kl. 8 og 10.50	B.i. 14 ára
Hnotubrjóturinn og Músakóngurinn	kl. 1.30	
Mýrin	kl. 8	B.i. 12 ára
Hátíð í bæ / Deck the halls	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	
Borat	kl. 10.20	B.i. 12 ára

midi.is - Miðasala í Smárabíó og Regnbogann - Engar biðraðir

Dolby Sími - 462 3500 BÍÓ.IS Sími - 564 0000 SDDS Sony Dynamic Digital Sound BÍÓ.IS

staðurstund

Skráning viðburða

Skráning viðburðar í Staður og stund er á heimasíðu Morgunblaðsins, www.mbl.is/sos

Tónlist

Hallgrímskirkja | Kristinn Sigmundsson óperusöngvari og Trompeteria-hópurinn, Hörður Áskelsson orgelleikari ásamt trompetleikurunum Ásgeiri H. Steingrímssyni og Eiríki Erni Pálssyni, koma fram á hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju á gamlársdag kl. 17. Á efnisskrá eru m.a. bassaaríur úr Messíasi og Jólaóratóríunni.
Lukku-Láki | Hljómsveitin Signia verður á áramótaballi á Lukku-Láka í Grindavík á gamlárskvöld.

Myndlist

Art-Iceland.com | Skólavörðustíg 1a er með smámyndasýningu til 14. janúar 2007. Listamennirnir 20 og galleríið gefa 10% af sölu til Barnaheilla. Verkin á sýningunni eru mjög fjölbreytt og áhugaverð. Eftir jól er opið frá kl. 12–18. Allir velkomnir.
Artótek Grófarhúsi | Anna Hallin myndlistarmaður sýnir teikningar og myndband á Reykjavíkurtorgi í Borgarbókasafni Tryggvagötu 15. Til áramóta. Nánar á www.artotek.is
Café Mílanó | Ingvar Þorvaldsson er með málverkasýningu. Sýnd eru 10 ný olíumálverk. Sýningin stendur til áramóta.
Gerðuberg | Gerðuberg á í safni sínu um 1.000 listaverk eftir börn sem unnin voru í listsmiðjunum Gagn og Gaman sem starfræktar voru sumrin 1988–2004. Fyrirtæki og stofnanir geta fengið leigð verk úr safninu til lengri eða skemmri tíma. Til 21. janúar. Sjá www.gerduberg.is.
Sýning á myndskreytingum í íslenskum barnabókum 2006. Sýningin stendur til 21. janúar 2007. Tekið er á móti 8 ára skólabörnum í samstarfi við Borgarbókasafnið. Sjá www.gerduberg.is.
Hugarheimar – Guðrún Bergsdóttir sýnir útsaum og tússteikningar. Ein allsherjar sinfónía fjölskrúðugra lita og forma; eins og íslensk brekka þakin berjum að hausti eða brúðarklæði frá Austurlöndum. Verk Guðrúnar vitna um hina óheftu tjáningu sem sprettur fram úr hugarheimi hennar. Sýningin stendur til 21. janúar. Sjá www.gerduberg.is.
Hafnarborg | Ljósmyndarinn Spessi til 30. desember. Verkin eru úr bók sem ber titilinn „Locations“ og kom út nú fyrir jólin. Sýningin í Hafnarborg hefur fengið sömu yfirskrift. Þarna er fyrst og fremst um að ræða myndir af stöðum sem bera ummerki mannsfólksins.
Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna, sýnir í Sverrissal og Apóteki. Á sýningunni verða steinleirsmyndir og verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki.
Hrafnista Hafnarfirði | Ellen Bjarnadóttir sýnir í Menningarsal til 8. janúar.
Kaffi Sólon | Elena Fitts sýnir málverk á Sólon. Verkin eru unnin með olíu á striga. Elena fæddist 1984 í Úkraínu, byrjaði að teikna mjög ung. Hún flutti til Íslands 1999 og ári síðar hóf hún að nota olíuliti. Til 5. janúar.
Kling og Bang gallerí | Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Daníel Björnsson sýna í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23. Sýningin heitir Ljósaskipti – Jólasýning Kling og Bang og stendur til 28. janúar.
Listasafn Einars Jónssonar | Lokað í desember og janúar. Höggmyndagarðurinn við Freyjugötu er alltaf opinn.
Listasafn Íslands | Frelsun litarins/Regard Fauve, sýning á frönskum expressjónisma í upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir 13 listamenn. Sýning á verkum Jóns Stefánssonar í sal 2. Opið 11–17 alla daga, lokað mánudaga. Ókeypis aðgangur.
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús | Bandarísk list á þriðja árþúsundinu. Margir af fremstu listamönnum Bandaríkjanna, sem fæddir eru eftir 1970, eiga verk á sýningunni. Sýningarstjórarnir eru í fremstu röð innan hins alþjóðlega myndlistarvettvangs. Sýningin hefur farið víða um heim, m.a. til New York og Lundúna.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar | Lokað í desember og janúar.
Ófeigur listhús | Skólavörðustig 5. Málverkasýning Ómars Stefánssonar. Sýningin stendur til áramóta og er opin á verslunartíma.
Þjóðminjasafn Íslands | Á Veggnum í Þjóðminjasafninu stendur yfir jólasýning með myndum tvíburabræðranna Ingimundar og Kristjáns Magnússona. Myndirnar fanga anda jólanna á sjöunda áratugnum. Margt í þeim ætti að koma börnum í jólaskap og fullorðna fólkið þekkir þar vafalaust hina sönnu jólastemningu bernsku sinnar.
Í Myndasal Þjóðminjasafnsins eru til sýnis þjóðlífsmyndir úr safni hins þjóðþekkta Guðna Þórðarsonar í Sunnu, blaðamanns, ljósmyndara og ferðamálafrömuðar. Myndirnar tók hann við störf og ferðalög á tímabilinu 1946–60. Þær eru eins og tímasneið frá miklu umbrotaskeiði í sögu þjóðarinnar.
Þjóðminjasafn Íslands | Í Bogasal Þjóðminjasafnsins stendur yfir sýning á útsaumuðum handaverkum listfengra kvenna frá fyrri öldum. Sýningin byggir á rannsóknum Elsu E. Guðjónsson textíl- og búningafræðings. Myndefni útsaumsins er fjölbreytt, m.a. sótt í Biblíuna og kynjadýraveröld fortíðarinnar.

Söfn

Borgarskjalasafn Reykjavíkur | Nú stendur yfir á Bókatorgi í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 1. hæð, sýningin „... hér er hlið himinsins“ sem Borgarskjalasafn Reykjavíkur vann í tilefni af 20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju. Sýningin er opin virka daga kl. 11–19 og um helgar kl. 13–17. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir. Til 7. jan.
Gljúfrasteinn – Hús skáldsins | Opið alla daga nema mánudaga kl. 10–17. Hljóðleiðsögn á íslensku, ensku, þýsku og sænsku. Margmiðlunarsýning og gönguleiðir í nágrenninu. Frekari upplýsingar á www.gljufrasteinn.is Sími 586 8066.
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn | Í spegli Íslands er lítil sýning í forsal þjóðdeildar safnsins. Þar er sagt frá ferðasögum til Íslands í gegnum aldirnar. Sjá nánar á heimasíðu: www.landsbokasafn.is
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn | Sú þrá að þekkja og nema ... Sýning til heiðurs Jónas Jónassyni frá Hrafnagili – 150 ára minning. Jónas var prestur, rithöfundur, þýðandi og fræðimaður, eins og verk hans Íslenskir þjóðhættir bera vott um. Sýningin spannar æviferil Jónasar. www.landsbokasafn.is
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn | Upp á Sigurhæðir – Matthías Jochumsson var lykilmaður í þjóðbyggingu 19. aldar. Menn þekkja best sálmana, þjóðsönginn og Skugga-Svein, en skáldpresturinn sá eftir sig 28 bækur, þar af 15 frumsamdar. Sýningin stendur yfir til 31. desember. Sjá heimasíðu safnsins www.landsbokasafn.is
Þjóðmenningarhúsið | Að vanda eru fjölbreyttar sýningar í sölum Þjóðmenningarhússins. Þær eru: Íslensk tískuhönnun, með fatalínum frá níu merkjum eða hönnuðum í samhengi við íslenska náttúru. Berlin Excursion, bókagerðarlist frá forlagi rithöfunda og myndlistarmanna frá Berlín. Fyrirheitna landið og Handritin að auki.
Þjóðminjasafn Íslands | Skoðunarferð um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er ævintýralegt ferðalag gegnum 1200 ár sem hefst í skipi landnámsmanna og lýkur í flughöfn nútímans. Fjölbreyttar sýningar, fræðsla og leikir fyrir alla fjölskylduna. Skemmtileg safnbúð og notalegt kaffihúss. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17.

Dans

Iðnó | Fyrsta tangóball ársins 2. janúar. Byrjendakennsla í argentínskum tangó kl. 20–21. Dansað við ekta argentínskan tangó af diskum frá kl. 21 til 23. Allir velkomnir. Aðgangseyrir er 500 kr. og kennslan innifalin. Meira á idno.is og tango.is

Skemmtanir

Kringlukráin | Hljómsveitin Sixties heldur fjörinu uppi alla helgina.

Fréttir og tilkynningar

Happdrætti bókatíðinda 2006| Númer í Happdrætti bókatíðinda 2006: 1. des. 90691; 2. des. 88144; 3. des. 95685; 4. des. 106130; 5. des. 22269; 6. des. 11721; 7. des. 56451; 8. des.47200; 9. des. 14990; 10. des. 27358; 11. des. 527; 12. des. 61088; 13. des. 66802; 14. des.10799; 15. des. 25279; 16. des.68; 17. des. 72121; 18. des. 30281; 19. des. 74492;
20. des. 794; 21. des. 1573; 22. des. 1925; 23. des. 109542; 24. des. 46978.
GA- fundir (Gamblers Anonymous) | Er spilafíkn að hrjá þig eða þína aðstandendur? Fáðu hjálp! Hringdu í síma: 698 3888.

Börn

Þjóðminjasafn Íslands | Á Torginu í Þjóðminjasafninu stendur yfir sýningin Sérkenni sveinanna. Á sýningunni er lítið jólahús og sitthvað sem tengist jólasveinunum, svo sem kjöt fyrir Ketkrók og bjúgu fyrir Bjúgnakræki. Sýningin getur hjálpað börnunum til að skilja hin skrýtnu nöfn jólasveinanna.

Meira á mbl.is

Staður og stund á mbl.is.
Nánari upplýsingar um viðburði dagsins er að finna á Staður og stund undir Fólkið á mbl.is

Söfn

Bandarísk list á þriðja árþúsundinu í Hafnarhúsi



Bandarísk list á þriðja árþúsundinu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Margir af fremstu listamönnum Bandaríkjanna, sem fæddir eru eftir 1970, eiga verk á sýningunni. Sýningarstjórarnir eru í fremstu röð innan hins alþjóðlega myndlistarvettvangs. Sýningin hefur farið víða um heim, m.a. til New York og Lundúna.

Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu var opnað árið 2000. Í safninu er áhersla á fjölbreyttar sýningar af samtíðarlist, bæði innlendri og erlendri. Auk þess er í safninu fastasýning á verkum eftir Errós. Húsakynni safnsins eru einnig notuð undir ýmsa menningartengda starfsemi eins og fyrirlestra, námskeið og tónleika.

Opið alla daga vikunnar kl. 10–17. Frítt inn á fimmtudögum. Sami aðgöngumiði gildir í 3 sólarhringa á öllum þremur sýningarstöðum Listasafns Reykjavíkur, þ.e. Kjarvalsstöðum, Hafnarhúsi og safni Ásmundar Sveinssonar.